

Rannsóknaskýrslur 1999

Hestur í Hestfirði

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Magnús A. Sigurðsson



Rannsóknaskýrslur 1999

?

Hestur í Hestfirði

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Magnús A. Sigurðsson

Ljósmynd á forsiðu: Mynd 1. Tekið ofan úr Hlíðinni, yfir gamla bæinn, Hest.

© 1999 Þjóðminjasafn Íslands/Magnús A. Sigurðsson
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560-8050
Prentun/umbrot: ?????????

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	?
Hestur í Hestfirði.....	?
Framkvæmd.....	?
Niðurstöður.....	?
Heimildir.....	?

Inngangur

Vegna fyrirhugaðs deiliskipulags lóðar fyrir frístundarbyggð í landi Hests í Hestfirði, Súðavíkurhreppi, svfnr. 4803, var farið fram á það við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann athugaði um fornleifar á viðkomandi lóð, en eigi er hægt að samþykkja deiliskipulag án undangenginnar skráningar, eða einsog segir í 18. grein Þjóðminjalaga nr. 88/1989:

...Skýlt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi, eða endurskoðun þess og skal Þjóðminjasafn eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld um það...

Í 64. grein reglugerðar um Þjóðminjavörslu (334/1998) er nánar kveðið á um fornleifaskráningu:

...Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og uppdraettir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölrítuð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana. Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum....

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.20.1 stendur:

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir Þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði Þjóðminjalaga.

Skýlt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Allar framkvæmdir eru því viðkvæmt mál því að ekki er vitað hvað leynist á viðkomandi svæðum. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, sbr.

20. grein Þjóðminjalaga:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd verks uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verk megi fram halda og með hvaða skilmálum.

En hvað eru fornleifar?

Í 16. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á,...
Að jafnaði teljast minjar 100 ára eða eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,...

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi, og því er brýnt að fara að öllu með gát.

Hestur í Hestfirði

Samkvæmt Landnámu var það Vébjörn sygnakappi er nam land á milli Skötufjarðar og Hestfjarðar, en Hestfjörður liggur inni Ísafjarðardjúpi, næsti fjörður austan við Seyðisfjörð. Hann ber nafn sitt af fjallinu Hesti, sem gnæfir yfir mynni fjarðarins vestanmeginn. Austan undir innri enda Hestsins er jörðin Hestur, sem nú er í eyði. Hún liggur því sem best beint austan við Hest, á eyri sem hefur myndast þar. Eyrin er uppgróin en hlíðin að baki er kjarri vaxin mói. Í Jarðabók Árni Magnússonar og Páls Vídalín, er jörðinni lýst á eftirfarandi hátt:

Hestur ²⁾

Jarðardýrleiki viii ø. Og svo tíundast 4 tíundum.

Eigandinn beneficium Vatnsfjörður.

Ábúandinn Gunnlaugur Jónson.

Landskuld lx álnir næstliðið ár, áður lxxx álnir. Betalast með fiski í kaupstað.

Leigukúgildi j, áður fyrir 20 árum iii. Leigur í smjöri heim til staðarins.

Kvaðir öngvar.

Kvi(k)fje iii kýr, xxii ær, xii sauðir tvævetrir og eldri, xii veturgamlir. Fóðrast kann iii kýr, xvi lömb. Rosknu fje er vogað einúngis á útigang og hestum, bjarglaust þegar að herðir.

Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Elt er hrísi úr almenningi inn með Hestfirði. Selveiði hefur áður lítið verið en engin í nokkur ár.

Reki hefur ei heppnast á manna minni.

Túninu grandar sjáfargangur með grjóts og sands áburði að neðan, en af aur og sandi að ofan, hvörutveggja til stórskaða. Enginn grandar aur, sem rennur á það úr brattlendi.

Hreppamannaflutningur erfiður að Fæti. Vatnsból bregðst bæði sumar og vetur, og verður að sækja vatn til annara jarða, eður á vetur að þíða snjó og klaka til bjargar mönnum og fjenaði. Ekki er bænum óhætt á vetur í leysingum og vatnagangi, sem hleypur upp úr jörðunni og hefur þessi vatnsgangur tekið fjósið, en kúnum varð bjargað.

Heimræði er hjer og lending góð, og gengur hjer eitt skip ábúanda, fleiri mætti ganga ef hann væri svo efnaður.

²⁾ Utanmáls er hjer bætt við: „Þessi og eftirskrifaðar jarðir standa í Hestfirði“.¹

Í Sóknarlýsingum Vestfjarða, frá því um 1860 er jörðinni lýst á þennan hátt:

¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1940: 145.

Hestur, 8 Hdr. Kirkjujörð Vatnsfjarðar, góð til beitar, en litlar slægjur. Þar upp er fjallið (Hestur), með 6 lögum af strandbergi, graslaust.

Eiði, 6 Hdr. Skógarjörð, með litlum slægjum. Þá er kirkjuland Eyrar, inn að almenningi Súðarvíkurhrepps. Í honum við botn Hestfjarðar stendur:

Hestfjarðarkot, 6 Hdr. Kristfjárfjörð hreppsins. Hverrar árlegt afgjald er 20 pund smjörs og 2 vættir á landsvísu, sem færast til fátækra sjóðs hreppsins. Þar hefur áður bænhús verið. Þar er grasa-tekja og vegur til Dýrafjarðarbotns. Við langána í Hestfirði skilja sóknirnar. Þar eru réttir hreppsins.²

Í skipulagi er gert ráð fyrir 6 sumarbústaðalóðum þarna, að stærðinni 5.000 til 6.700 fm.

Framkvæmd

Þriðjudaginn 27. júlí 1999 keyrði ég vestur á Hestfjörð þar sem ég hitti framkvæmdaaðilann, Barða Ingibjartson að máli. Því næst gekk ég uppí hlíðina til að fá yfirsýn yfir svæðið. Þarna virtust vera um 10 rústaleifar sem ég ljósmyndaði og tók GPS hnit á, auk þess sem ég merkti þær inná skipulagskort.

Ég merkti rústirnar 1 til 10, eftir því sem ég gekk frá NA til SV.

Það er þó nokkuð um sjáanlegar minjar þarna. Þær virðast þó allar tengjast þeim búskap sem hefur verið þarna í gegnum tíðina. Þær virðast vera frá lúterskri tíð og jafnvel yngri. Þarna er gamli bærinn sem miðpunktur og gamlar tóftir og uppsátur raðað þarna í kring. Það virðast ekki vera vísbendingar um aðra búsetu, að minnsta kosti eru þær ekki sjáanlegar.

Rúst 1.



Mynd 2. Rúst 1.
Horft í NA.

² Magnús Þórðarson.1952: 134.

Rétt fyrir ofan fjöruborðið, norðan við gamla bæinn er þessi litla rúst. Erfitt er að segja til um hvort þetta er fjárhústóft eða fiskikofi, en þarna er mjög greinilegar steinhleðslur. Rústin er alveg niður í fjöruborðinu sem bendir til að hún sé eitthvað sjávartengd. GPS staðsetning er N 65°59.052 og V 22°53.062.

Rúst 2.



Mynd 3. Rúst 2, horft í NV.

Samkvæmt Barða hefur þessi rúst ávalt verið kölluð Hesthústóftin, og hefur líklegast verið hesthús. Stærðin passar við þá skýringu. Rústin er uppí hlíðinni, norðanmegin við bæinn. Hún ansi heilleg og áætla má að það sé ekki langt síðan hún var í notkun. GPS staðsetning er N 65°59.052 og V 22°53.062.

Rúst 3.



Mynd 4. Rúst 3, horft í SA.

Gömul verbúðartóft og gömul smiðja. Vinstra megin í tóftinni er gömul smiðja sem samkvæmt Barða Ingibjartssyni var í notkun alveg þar til bærinn lagðist í eyði. Spilið í miðri verbúðinni smíðaði hann sjálfur fyrir mörgum árum. GPS staðsetning er N 65°59.059 og V 22°53.008.

Rúst 4.



Mynd 5. Rúst 4.
Horft í SV.

Gamli bæjarhóllin eða bæjarstæðið. Þarna virðist hafa verið bæjastæði lengi. Síðasti bærinn að Hesti er þarna við hliðiná, en hann lagðist í eyði í kringum 1976. Fjölskylda Barða Ingibjartssonar flutti þarna 1956, en þá hafði bærinn verið í eyði í 30 ár. Barði segir að þegar hann gróf með föður sínum í gamla bæjastæðinu sem ungur maður þá hafi þeir komið niður á hlóðir. GPS staðsetning er N 65°59.037 og V 22°53.020.

Rúst 5.



Mynd 6. Rúst 5.
Horft í V.

Gömul tóft eða þurrabúð, svo til beint fyrir neðan gamla bæinn. Frekar heilegar hleðslur og viðarleifar innaní. GPS staðsetning er N 65°59.031 og V 22°52.944.

Rúst 6.



Mynd 7. Rúst 6.
Horft í S.

Þarna mótar fyrir einhverju mannvirki en erfitt er að segja til um hvað það er. Líklegast tel ég að þarna sé um að ræða garðlag eða kálgarð. Það þyrfti uppgröft til að skera úr um það.

Rúst 7.



Rétt neðan við rúst 8 er þessi dæld sem minnir mest á uppsátur eða þurrbúð, það eru tvær aðrar rétt sunnar. GPS staðsetning er N 65°59.045 og V 22°52.953.

Rúst 8.



Mynd 9. Rúst 8.
Horft í S.

Mjög svipuð rúst og 7, sunnanmegin við bæinn, alveg niðri fjöruborðinu. GPS staðsetning er N 65°59.033 og V 22°52.935.

Rúst 9.



Mynd 10. Rúst 9.
Horft í SA

Samskonar rúst og 7 og 8, og aðeins sunnar, sú síðasta að dældunum sem ég talaði um. Líklegast uppsátur eða þurrbúð einsog fyrr sagði. GPS staðsetning er N 65°59.021 og V 22°52.933.

Rúst 10.



Mynd 11. Rúst 10.
Horft í NA.

Svokölluð Ullarþvottatóft, ca 200 metra sunnan megin við gamla bæinn, rétt ofan við veginn. Eftir munnmælum á þetta að vera gömul ullarþvottastöð. Rústirnar eru fremur ógreinilegar en þó er greinileg ferhyrnd rúst þarna. GPS staðsetning er N 65°58.989 og V 22°53.141.

Niðurstöður

Hestur í Hestfirði er fremur afskekkt býli og hrjóstugt í kring. Í lýsingu Jarðarbókar kemur jörðin ekki vel út, gengur á túnið á beggja vegu, hrun úr hlíðinni og sjógangur sjávarmegin. Um 1710 gengur bara eitt skip þótt heimræði og lending sé góð, virðist það vera vegna fátæktar bóndans.

Af lýsingum að dæma þá virðist ekki hafa verið margir ábúendur hverju sinni, jörðin hefur ekki borið margt fólk. Af þeim sökum er ekki mikið um mannvistarleifar, þarna er aðalega um búskaparleifar að ræða. En það væri spennandi að grafa í bæjarhólinn einhvern tíma til að reyna að tímasetja upphaf búsetu.

Sú sumarbústaðabyggð sem er skipulögð á umræddu svæði virðist ekki ógna þeim minjum sem sjáanlegar eru. Þó verður að sýna mikla aðgæslu við allar lagnir og roþrær.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1940. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Sjöunda bindi. Kaupmannahöfn.

Magnús Þórðarson. 1952. Lýsing Ögurprestakalls og Eyrarsóknar. *Sóknarlýsingar Vestfjarða. Ísafjarðar- og Strandasýslur*. Reykjavík.